

Föstudaginn 31. mars 2000.

Nr. 88/2000.

María Svandís Guðnadóttir

(Jón Einar Jakobsson hdl.)

gegn

Helga Jóhannssyni

(Ásgeir Thoroddsen hrl.)

Kærumál. Fjárnám. Skuldabréf.

M krafðist þess að felld yrði úr gildi fjárnám, sem gert var að kröfu H á grundvelli skuldabréfs samkvæmt 7. tölulið 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Vísaði hún til þess að skuldabréfið hefði verið greiðsla í kaupum, sem hún hefði rift með lögmætum hætti og gæti H því ekki krafist fullnustu á bréfinu. Talið var að varnir M sættu ekki takmörkunum 118. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Með hliðsjón af því að H hefði fengið skuldabréfið úr hendi útgefanda þess, sem greiðslu samkvæmt kaupsamningi þeirra, þótti hann verða að sæta því að M kæmi að mótbárum, sem lytu að lögskiptum þeirra að baki bréfinu. Hins vegar þótti M ekki hafa sýnt nægilega fram á að H ætti ekki þann rétt, sem skuldabréfið bar með sér. Ekki var á það fallist með M að annmarkar hefðu verið á greiðsluáskorun H eða beiðni hans um aðför, sem valdið gætu ógildingu fjárnámsins. Var staðfest sú niðurstaða héraðsdóms að hafna kröfum M um ógildingu fjárnámsins.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 24. febrúar 2000, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 6. mars sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. febrúar 2000, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um að felld yrði úr gildi fjárnám, sem sýslumaðurinn í Reykjavík gerði hjá henni 15. júlí 1999. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess að fjárnámið verði felld úr gildi og varnaraðila gert að greiða sér málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði staðfestur með

þeirri breytingu að málskostnaður, sem honum var dæmdur, verði hækkaður. Þá krefst hann kærúmálskostnaðar.

Eins og nánar greinir í úrskurði héraðsdómara var fyrirnefnt fjárnám gert með stoð í skuldabréfi að fjárhæð 900.000 krónur, sem Ingólfur Karl Sigurðsson gaf út 1. apríl 1998 til handhafa og sóknaraðili gekkst í sjálfskuldarábyrgð fyrir. Meðal gagna málsins er bréf lögmanns sóknaraðila til varnaraðila 14. júlí 1999, þar sem vísað var til samnings, sem sóknaraðili hafi ásamt fleirum gert 1. apríl 1998 við varnaraðila um kaup á nafngreindu veitingahúsi á Benidorm á Spáni. Var staðhæft í bréfinu að kaupsamningnum hafi verið rift um sumarið 1998 vegna nánar tiltekinna vanefnda varnaraðila og jafnframt skorað á hann að afhenda umrætt skuldabréf og endurgreiða kaupverðið að öðru leyti ásamt dráttarvöxtum og kostnaði. Í málinu reisir sóknaraðili kröfu sína meðal annars á því að skuldabréfið hafi verið greiðsla í kaupum, sem hún hafi rift með lögmaðum hætti vegna vanefnda varnaraðila. Sé varnaraðila af þessum sökum skyld að endurgreiða kaupverðið, meðal annars með afhendingu skuldabréfsins, sem hann geti því ekki krafist fullnustu á. Varnaraðili hefur ekki vefengt að skuldabréfið hafi verið greiðsla í áðurnefndum kaupum, en mótmælir hins vegar fullyrðingum sóknaraðila um vanefndir samningsins, auk þess að varnir á þeim grunni fái ekki komist að í málinu.

Ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður ekki beitt þegar leitað er fullnustu án undangenginnar mál-sóknar á kröfu samkvæmt skuldabréfi með fjárnámi í skjóli heimildar í 7. tölulið 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989. Sæta varnir, sem sóknaraðila er heimilt að hafa uppi gegn kröfu varnaraðila, því ekki takmörkunum samkvæmt 118. gr. laga nr. 91/1991. Í ljósi áðurnefnds málatilbúnaðar varnaraðila verður að leggja til grundvallar að hann hafi fengið skuldabréfið, sem um ræðir í málinu, úr hendi útgefanda þess sem greiðslu samkvæmt kaupsamningi milli aðilanna. Af þeim sökum verður varnaraðili að sæta því að sóknaraðili fái að koma að í málinu mótbárum, sem lúta að lögskiptum þeirra að baki skuldabréfinu. Til þess verður hins vegar að líta að sóknaraðili hefur ekki lagt fram kaupsamninginn, sem hún kveður aðilana hafa gert 1. apríl 1998. Hún hefur heldur ekki gert viðhlítandi grein fyrir þeim atvikum, sem hún kveður hafa valdið riftun kaupanna. Þá kemur lítið sem ekkert fram í málinu um hvenær og hvernig hinu selda var skilað til varnaraðila. Að þessu

gættu hefur sóknaraðili ekki sýnt nægilega fram á að varnaraðili eigi ekki þann rétt, sem skuldabréfið ber með sér.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður ekki fallist á að annmarkar hafi verið á greiðsluáskorun varnaraðila eða beiðni hans um aðför, sem valdið geta ógildingu fjárnámsins.

Samkvæmt framangreindu verður hinn kærði úrskurður staðfestur, þar á meðal ákvæði hans um málskostnað, enda hefur varnaraðili ekki kært úrskurðinn fyrir sitt leyti. Sóknaraðili verður dæmd til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, María Svandís Guðnadóttir, greiði varnaraðila, Helga Jóhannssyni, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. febrúar 2000.

Málsaðilar eru:

Sóknaraðili er María Svandís Guðnadóttir, kt. 080855-3389, Esjurgund 20, Mosfellsbæ, en varnaraðili er Helgi Jóhannsson, kt. 230451-2069, Kleifarseli 49, Reykjavík.

Mál þetta barst Héraðsdómi Reykjavíkur 11. ágúst 1999 með bréfi lögmanns sóknaraðila, sem dagsett er 10. sama mánaðar. Við þingfestingu málsins hinn 10. september s.á. gerði lögmaður varnaraðila kröfu til þess, að sóknaraðila yrði gert að setja málskostnaðartryggingu að fjárhæð 70.000 krónur, með vísan til 1. tl. b-liðar 133. gr. laga nr. 91/1991.

Munnlegur málflutningur fór fram um þá kröfu varnaraðila 27. september s.á. Með úrskurði uppkveðnum 1. október s.á var kröfu varnaraðila hafnað. Í þinghaldi í málinu 6. október s.á. kærði lögmaður sóknaraðila úrskurðinn til Hæstaréttar, sem felldi dóm í málinu 5. nóvember sl. og gerði sóknaraðila að setja málskostnaðartryggingu í samræmi við kröfur varnaraðila. Sóknaraðili afhenti héraðsdómi málskostnaðartryggingu að fjárhæð 70.000 krónur hinn 19. nóvember sl.

Málið var síðan flutt munnlega hinn 24. janúar sl. og tekið til úrskurðar að því búnu.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að aðfarargerð sýslumannsins í Reykjavík nr. 011-1999-08124 frá 15. júlí 1999 verði felld úr gildi og sóknaraðila tildæmdur málskostnaður að skaðlausu að mati dómsins. Þá krefst sóknaraðili

þess, að fallist verði á það í úrskurði héraðsdóms, að málskot til Hæstaréttar fresti frekari fullnustuaðgerðum.

Dómkröfur varnaraðila eru þær, að kröfum sóknaraðila verði hafnað og að aðfarargerð nr. 011-1999-08124, sem framkvæmd var af sýslumanninum í Reykjavík 15. júlí 1999, verði staðfest. Þá krefst varnaraðili þess, að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi sóknaraðila að mati dómsins.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Málavextir eru í stuttu máli þeir, að varnaraðili gerði fjárnám hjá sóknaraðila hinn 15. júlí 1999. Fjárnámið var gert á grundvelli skuldabréfs að fjárhæð 900.000 krónur, sem útgefið var af Ingólfi Karli Sigurðssyni 1. apríl 1998 með gjalddaga 1. ágúst s.á. Skuldabréfið var með sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila, Mariu Svandísar Guðnadóttur, auk Þorkels Snorra Sigurðssonar og Guðnýjar Ingólfsdóttur. Jón Einar Jakobsson hdl., lögmaður gerðarþola, mætti við gerðina f.h. gerðarþola, ásamt Ingólfi Karli Sigurðssyni, útgefanda skuldabréfsins. Við framkvæmd fjárnámsins, sem fram fór hjá sýslumanninum í Reykjavík að Skógarhlíð 6 er eftirfarandi fært til bókar:

„Gerðarþoli mótmælir kröfunni á þeim forsendum að hann hafi verið beittur misneytingu og sviksamlegum blekkingum við kaup á veitingahúsi á Spáni, en aðfararheimildin sé sprottin frá þeim viðskiptum Jafnframt gerir gerðarþoli athugasemdir við lýsingu á aðfararheimild og sundurliðun kröfunnar. Hann telur hana ekki vera í samræmi við 10. gr. aðfl. Sömuleiðis er því haldið fram að greiðsluáskorun sé ekki í samræmi við 7. gr. aðfl. Lögmaður gerðarbeiðanda krefst þess að gerðinni verði fram haldið. Fulltrúi sýslumanns tilkynnir þá ákvörðun sína að gerðinni skuli fram haldið. Skorað er á gerðarþola að benda á eignir til tryggingar kröfunni. Lögmaður gerðarþola leggur fram ljósrit af bréfum sínum dags. 14. júlí sl. til gerðarbeiðanda og ríkislögreglustjóra merkt nr. 11 og 12. Lögmaður gerðarbeiðanda mótmælir þeim fullyrðingum sem fram koma í bréfum lögmanns gerðarþola sem röngum. Fulltrúi sýslumanns ákveður að gerðinni skuli fram haldið. Málsvari gerðarþola segir hann engar eignir eiga sem tryggt geti kröfu þessa. Gerðarbeiðandi krefst að fjárnámi verði lokið án árangurs og er svo gert með vísan til 8. kafla laga nr. 90/1989. Mættum er kynnt efni þessarar bókunar, sem engar athugasemdir eru gerðar við. Lögmaður gerðarþola lýsir því yfir að hann muni skjóta ákvörðun sýslumanns til héraðsdóms.“

Málsástæður og lagarök sóknaraðila.

Sóknaraðili lýsir málsatvikum á þann hátt, að varnaraðili reisi kröfur sínar á hendur henni á ákvæðum skuldabréfs að fjárhæð 900.000 krónur, sem hún hafi ábyrgst með sjálfskuldarábyrgð, og hafi það legið til grundvallar fjárnámi nr.

011-1999-08124 frá 15. júlí 1999. Varnaraðili hafi fengið skuldabréfið útgefið og afhent í apríl 1998 sem hlutagreiðslu af kaupverði fyrirtækisins Saga bar á Spáni, sem varnaraðili hafi selt henni. Kaupverðið allt hafi numið 2.100.000 krónum, sem greitt hafi verið með umræddu skuldabréfi að fjárhæð 900.000 krónur og 1.200.000 krónur í peningum. Að mati sóknaraðila hafi varnaraðili vanefnt kaupin og hafi þeim því verið rift. Varnaraðili hafi tekið aftur við veitingastaðnum fácinum mánuðum eftir kaupin, en hafi hvorki fengist til að endurgreiða sóknaraðila kaupverðið né skila skuldabréfinu aftur. Sóknaraðili telur því óeðlilegt, að henni sé gert að greiða skuldabréfið og hafi mótmælt því við aðfarargerðina. Þá byggir sóknaraðili á því, að henni hljóti að vera heimilt að benda á Saga bar til fjárnáms, verði ekki fallist á riftunarkröfu hennar, enda sé fyrirtækið a.m.k. kaupverðsins virði, þ.e. 2.100.000 króna virði. Sóknaraðili kveðst aftur á móti hafa litið svo á við fjárnámsgerðina, að hún væri ekki lengur eigandi veitingastaðarins, eftir riftun kaupanna og viðtöku varnaraðila á eigninni. Hún geti á hinn bóginn ekki talist eignalaus verandi eigandi að kröfum á hendur varnaraðila um endurgreiðslu eða eigandi að óbeinum eignarrétti að veitingastaðnum, þar sem forsenda riftunar sé vitaskuld skil á greiddu kaupverði.

Sóknaraðili telur sig hafa verið beitta misneytingu og sviksamlegum blekkingum í viðskiptum sínum við varnaraðila. Hún hafi með þeim hætti verið fengin til að gangast í sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfinu og sé krafa varnaraðila því óréttmæt. Hún hafi því leitað réttar síns með því að fara fram á opinbera rannsókn á umræddum viðskiptum sínum við varnaraðila. Einnig ráðgeri hún að höfða mál á hendur varnaraðila fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til staðfestingar á riftun og kröfu um skil á skuldabréfinu.

Sóknaraðili lítur svo á, að sýslumanni hafi borið að synja um gerðina af þessum ástæðum eða a.m.k. að fresta henni.

Þá byggir sóknaraðili á því, að greiðsluáskorun og aðfararheimild varnaraðila sé svo verulega áfátt, að sýslumanni hafi borið að synja um gerðina af sjálfsdáðum (ex officio) og í síðasta lagi að kröfu sóknaraðila við gerðina sjálfa, sbr. 7. og 10. gr. aðfararlaga nr. 90/1989 (aðfl.). Um sé að ræða ranga lýsingu á höfuðstól skuldabréfsins og vanlýsingu, ásamt óskiljanlegu orðafari í texta þessara skjala.

Sóknaraðili heldur því fram, að ekki hafi verið farið að lögum við gerðina sjálfa.

Málsástæður og lagarök varnaraðila.

Varnaraðili mótmælir fullyrðingum sóknaraðila um meintar vanefndir, svik og misneytingu sem röngum og ósönnuðum. Þá mótmælir varnaraðili því, að sóknaraðili fái að koma að meintum atvikum, er lúti að lögskiptum að baki útgáfu skuldabréfsins, sem til umfjöllunar sé í máli þessu, með vísan til XVII.

kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 (eml.), sbr. 94. gr. aðfararlaga. Í greinargerð við það lagaákvæði sé í þessu sambandi vísað til ummæla greinargerðarinnar við 1. mgr. 84. gr. aðfl. Þar komi fram, að ákvæði XVII. kafla eml. gildi, ef aðfarar sé krafist á grundvelli skuldabréfs. Það sé því ljóst, að varnir, er lúti að lögskiptum að baki skuldabréfinu, komist ekki að í máli þessu. Í skuldabréfinu sé bein aðfararheimild, sbr. 7. tl. 1. mgr. 1. gr. aðfl. Greiðsluáskorun skv. 7. gr. aðfl. hafi verið birt sóknaraðila þann 18. febrúar 1999, eins og sjá megi í framlögðum málsskjöllum. Hún hafi verið skýr og ljós og í samræmi við fyrirmæli tilvitnaðrar 7. gr. aðfl. Því sé þeirri fullyrðingu sóknaraðila mótmælt, að sýslumanni hafi borið að synja um framgang aðfarargerðarinnar. Í greiðsluáskorun varnaraðila sé kröfunni lýst með þeim hætti, að sóknaraðila hafi ekki getað dulist, um hvaða kröfu hafi verið að ræða. Þannig sé tiltekið að um sé að ræða skuldabréf, útgefið 1. apríl 1998 af Ingólfi K. Sigurðssyni, upphaflega að fjárhæð kr. 900.000 með gjalddaga 1. ágúst s.á. Einnig séu ábyrgðarmenn tilgreindir, vanskil og aðfararheimild. Ennfremur sé skorað á sóknaraðila að greiða kröfuna, sem og að aðfarar yrði krafist að 15 dögum liðnum frá birtingu greiðsluáskorunarinnar. Sömu upplýsingar hafi komið fram í aðfararbeiðni. Engu máli skipti, þótt útreikningi kröfunnar kunni að hafa verið í einhverju áfátt, enda myndi það ekki varða ógildi fjárnámsgerðarinnar, heldur leiða til leiðréttingar hennar. Samkvæmt framansögðu hafi ákvæðum 10. gr. aðfl. verið fullnægt í öllum atriðum.

Varnaraðili mótmælir ennfremur þeirri fullyrðingu sóknaraðila, að málsmeðferð sýslumanns hafi ekki verið í samræmi við 38. og 63. gr. aðfl. Við aðfarargerðina hafi sóknaraðili ekki bent á eignir til tryggingar kröfunni og því verði ekki séð að tilvísun sóknaraðila til 38. gr. og 63. gr. aðfl. eigi við í þessu máli.

Þá byggir varnaraðili á því, að aðfararlögin gangi út frá því, að aðfarargerð verði ekki frestað og að sýslumanni beri að taka ákvarðanir þegar í stað, sbr. til hliðsjónar 27. gr. aðfl.

Varðandi þá fullyrðingu sóknaraðila, að hún eigi eignir til tryggingar skuldinni, m.a. veitingahús á Spáni, bendir varnaraðili á það, að sóknaraðili hafi engin gögn lagt fram til sönnunar þessari staðhæfingu né heldur hafi hún tilgreint hana með fullnægjandi hætti eða upplýst um eignarhlut sinn. Í máli nr. Y-5/1999, sem rekið sé hér fyrir dómi samtímis máli þessu, haldi sóknaraðili þess máls fram eignarrétti að sömu eign. Sóknaraðili haldi því fram í þessu sambandi, að hún hafi rift kaupsamningi við varnaraðila. Sé svo, hljóti ábending hennar að falla um sjálfa sig. Meint endurgjaldskrafa sóknaraðila geti ekki heldur verið andlag fjárnáms, sbr. 40. gr. aðfl., enda sé henni mótmælt sem rangri og ósannaðri. Auk þess sé augljóst, að ekki væri hægt að ná fram fullnustu með fjárnámi í meintri eign sóknaraðila á erlendri grundu.

Varnaraðili styður málskostnaðarkröfu sína með vísan til 130. gr. og 131. gr. eml., sbr. 94. gr. aðfl., enda sé málskot sóknaraðila með öllu tilefnislaust og tilgangslaust.

Forsendur og niðurstaða.

Skuldabréfi því, sem var aðfararheimild við aðfarargerð þá, sem um er deilt, er lýst hér að framan. Sóknaraðili hefur haldið því fram að ógilda beri aðfarargerðina vegna viðskipta þeirra, sem að baki bréfinu liggja. Þau viðskipti sóknaraðila og varnaraðila, sem lýst er í greinargerð sóknaraðila og hann vísaði til í málf lutningi sínum, geta ekki komið til álita við úrlausn máls þessa gegn mótmælum varnaraðila. Fyrir liggur að sóknaraðili gekkst í sjálfskuldarábyrgð til tryggingar skuldabréfi því, sem hér er til umfjöllunar. Hún hefur ekki sýnt fram á neitt það, sem leiða ætti til þess, að skuldabréfi þessu skuli ekki fylgja öll þau réttindi, sem það ber með sér, þ.m.t. heimild fyrir handhafa þess til að krefjast aðfarar á grundvelli þess, samkvæmt 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989. Aðfarargerð sýslumannsins í Reykjavík nr. 011-1999-08124 verður því ekki ógilt af þessari ástæðu.

Sóknaraðili byggir einnig kröfu sína um ógildingu aðfarargerðarinnar á þeirri forsendu, að greiðsluáskorun og aðfararbeiðni hafi verið svo áfátt, að sýslumanni hafi borið að synja um gerðina af sjálfsdáðum, m.a. hvað varði ranga lýsingu á höfuðstól skuldabréfsins og vanlýsingu, ásamt óskiljanlegu orðafari í texta þessara skjala. Um kröfu sína vísar sóknaraðili til 7. og 10. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

Í 7. gr. aðfl. segir, að tekið skuli fram í greiðsluáskorun gerðarbeiðanda til gerðarþola, að aðfarar verði krafist fyrir skuldinni, sé áskorun ekki sinnt. Í skýringum við ákvæðið er tekið fram, að til þess sé ætlast, að í áskorun komi fram nægilega glögg lýsing á viðkomandi kröfu, svo að gerðarþola megi vera ljóst um hvaða kröfu sé að ræða. Greiðsluáskorun varnaraðila til sóknaraðila þykir hafa uppfyllt þetta lagaskilyrði. Skuld sóknaraðila er þar sundurliðuð með fullnægjandi hætti, kröfuhafi tilgreindur og lýsing á heimildarskjalinu, sem byggt er á.

Í 10. gr. aðfl. eru fyrimæli um það, hvað fram þurfi að koma í aðfararbeiðni. Þar segir m.a. að þar skuli lýst, svo ekki verði um villst, hverjir gerðarbeiðandi og gerðarþoli séu og við hvaða heimild beiðnin styðjist. Í athugasemdum við ákvæðið er tekið fram, að meginatriðið sé, að efni beiðninnar sem slíkt gefi nægjanlega til kynna, hver sú krafa sé sem um sé að ræða. Í aðfararbeiðni er samsvarandi lýsing á kröfu varnaraðila og fram kemur í greiðsluáskorun, sem birt var fyrir sóknaraðila. Þykir hún því hafa uppfyllt þær kröfur, sem gerðar eru í nefndu ákvæði 10. gr. aðfl., hvað lýsingu á aðfararheimild varðar.

Um orðafar í texta aðfararbeiðni og greiðsluáskorunar, sem sóknaraðili telur vera óskiljanlegt, er það að segja að í lok þessara skjala virðast hafa slæðst inn orð sem ekki eru í neinu samhengi við efni skjalanna. Um greinileg mistök er að ræða, sem valda þó engum misskilningi, varðandi þau atriði sem máli skipta, þannig að valdið geti ógildi gerðarinnar af þeim sökum.

Sóknaraðili heldur því jafnframt fram, að aðfararbeiðni uppfylli ekki skilyrði áðurnefndrar 10. gr. aðfararlaga um nákvæma sundurliðun þeirrar fjárhæðar, sem krafist er fullnustu á. Vísar sóknaraðili þar til þess, að í sundurliðun kröfunnar er höfuðstóll tilgreindur sem kr. 939.895 í stað kr. 900.000. Varnaraðili hefur skýrt þennan mismun svo, að áföllnum samningsvöxtum á gjalddaga skuldarinnar sé bætt við upphaflega fjárhæð skuldabréfsins. Upphafleg fjárhæð bréfsins er hins vegar tilgreind í texta aftan við sundurliðunina í aðfararbeiðni, ásamt nánari lýsingu á bréfinu, þannig að sóknaraðila mátti vera fullljóst um hvaða kröfu var að ræða, þrátt fyrir að nokkuð hafi skort á nákvæmni í sundurliðun kröfufjárhæðar af hálfu varnaraðila. Þetta atriði þykir því ekki eiga að valda ógildingu aðfarargerðar þeirrar sem beiðnin kvað á um, enda var lögmaður sóknaraðila viðstaddur gerðina og var honum því innan handar að leita allra upplýsinga um kröfuna hjá lögmanni varnaraðila, sem einnig var þar staddur.

Sóknaraðili byggir ennfremur á því, að hún verði fráleitt talin eignalaus, þar sem hún sé eigandi að veitingastaðnum Saga bar á Spáni. Ekkert er bókað um það í gerðarbók sýslumannsins í Reykjavík, að sóknaraðili hafi bent á þessa eign sína á Spáni, né heldur þær greiðslur, sem varnaraðili veitti viðtöku við sölu eignarinnar til sóknaraðila. Sóknaraðili hefur engin gögn lagt fram, sem rennt geta stöðum undir þá fullyrðingu hennar, að varnaraðili hafi selt henni einni þennan umrædda veitingastað eða í félagi við aðra, sbr. mál nr. Y-5/1999, sem rekið er samhliða þessu máli. Af hálfu sóknaraðila var lögð fram riftunaryfirlýsing við aðfarargerð sýslumanns, en engin önnur gögn hafa verið lögð fram til sönnunar þeim viðskiptum, sem hún kveðst hafa átt við varnaraðila. Varnaraðili hefur, eins og áður er getið, mótmælt riftun.

Það er álit dómsins, að varnaraðili þurfi ekki að sæta því, að sóknaraðili bendi á umrædda eign á Spáni, jafnvel þótt fullnægjandi upplýsingar lægju fyrir um eignarrétt hennar að eigninni. Varnaraðili á þess engan kost að knýja fram fullnustu úr hendi sóknaraðila að íslenskum lögum með aðfararveði í fasteign eða lausafé, sem staðsett er á Spáni. Þessari málsástæðu sóknaraðila er því hafnað.

Þar sem sóknaraðili gat ekki bent á eignir til tryggingar kröfu varnaraðila við fjánámsgerðina 15. júlí 1999, var varnaraðila rétt að krefjast þess að henni yrði lokið án árangurs.

Samkvæmt framanrituðu verður því niðurstaða málsins sú, að hafnað er kröfu sóknaraðila máls þessa um að aðfarargerð nr. 011-1999-08124, sem framkvæmd

var af sýslumanninum í Reykjavík hinn 15. júlí 1999, verði felld úr gildi og er hún því staðfest.

Málskot til Hæstaréttar skal fresta fullnustuaðgerðum.

Rétt þykir, eins og mál þetta er vaxið, að sóknaraðili greiði varnaraðila málskostnað, sem telst hæfilegur vera 30.000 kr.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Hafnað er kröfu sóknaraðila, að aðfarargerð nr. 011-1999-08124, sem framkvæmd var af sýslumanninum í Reykjavík hinn 15. júlí 1999, verði felld úr gildi og ber því að staðfesta hana.

Sóknaraðili, María Svandís Guðnadóttir, greiði varnaraðila, Helga Jóhannssyni, 30.000 kr. í málskostnað.

Málskot til Hæstaréttar skal fresta fullnustuaðgerðum.
